




AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2027

Breyting aðalskipulags – nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði

Íshellir í suðurhlíð Langjökuls - Tillaga

17.11.2020



VERKNR

3502-014-01GRG-001-V02

UNNIÐ

BS/AS

RÝNT

IS/ÁJ

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000

 efla@efla.is

 www.efla.is



BLÁSKÓGABYGGÐ

Aðalskipulag 2015-2027

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	7
1.1 Skipulagsgögn	7
FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	7
1.2 Tengsl við aðrar áætlanir	8
1.2.1 Landsskipulagsstefna	8
1.2.2 Aðalskipulag	8
1.2.3 Ferðabjónusta	9
1.2.4 Deiliskipulag	9
1.3 Minjar	9
1.4 Náttúruvá og hreyfing jökuls	10
2 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	10
3 UMHVERFISSKÝRSLA	11
3.1 Umhverfisáhrif annarra framkvæma sem tengjast svæðinu	11
3.2 Tilkynninga- eða matskyldar framkvæmdir	11
3.3 Vægi umhverfisáhrifa	12
3.4 Umhverfispættir matsspurningar og viðmið	12
3.4.1 Valkostir og samanburður	13
3.4.2 Valkostur 1 – Núllkostur	13
3.4.3 Valkostur 2 – Nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði	13
3.4.4 Niðurstaða	14
4 MÁLSMEÐFERÐ	15
4.1 Skipulags og matslýsing	15
4.2 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	15
4.3 Skipulagsferli	15
5 UPPDRÁTTUR	16

MYNDASKRÁ

MYND 1. Vægi áhrifa. _____ 12

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið. _____ 12

INNGANGUR

Bláskógabyggð vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin á aðalskipulaginu felur í sér að skilgreina afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli. Ferðaþjónustufyrirtækið Skálpi hefur óskað eftir að gera íshelli í suðurhlíðum Langjökuls. Undanfarin tvö ár hefur náttúrulegur íshellir í Langjökli verið nýttur sem viðkomustaður með gesti í vélsleðaferðum. Þar sem hann er ekki lengur til staðar og ekki er hægt að tryggja reglulegar ferðir í náttúrulega íshella á svæðinu, var óskað eftir að útbúa manngerðan öruggan íshelli sem hægt yrði að halda við og nýta fyrir starfsemina.

Ferðaþjónustufyrirtækið Skálpi hefur aðstöðu í Skálpanesskála og Geldingarfelli. Í venjulegu árferði sækja um 55.000 manns Suðurjökul á hverju ári. Með framkvæmdunum er hægt að tryggja ferðir á jökulinn með áhugaverðum áfangastað allt árið um kring.

Unnið verður að nýju deiliskipulagi samhliða aðalskipulagsbreytingunni þar sem verður nánar gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og settir fram skilmálar um landnotkun og landnýtingu, skilgreind lóð fyrir manngerðan hellinn sem verður nýttur til ferðaþjónustustarfsemi og vernd náttúru- og menningarminja.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð verður breyting á greinargerð og uppdrætti.

FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Svæðið sem um ræðir er innan þjóðlendu og er í um 600 m hæð yfir sjó, neðarlega í Suðurjökli sem tengist við Langjökul að austanverðu við Skálpanes. Fyrirhuguð staðsetning íshellisins um 3000 metrum sunnan við Skriðufell. Svæðið sem um ræðir er alfarið á jökli og er aðkoma að jöklinum eftir vegi F336 sem tengist vegi nr. 35, Kjalvegi, á Bláfellshálsi.

Valið er svæði sem ekki er sprungið eða með rásam og borað inn í jökulinn um 50 metra í tilraunaskyni. Aðkoma að svæðinu er hugsuð á snjó að vetri til um Skálpanesið en frá jöklinum yfir sumartímann en

nánar verður gerð grein fyrir aðkomu í deiliskipulagi. Íshellirinn kemur til með að vera neðan við núverandi jafnvægislínu á jöklinum.

1.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Við breytingu á aðalskipulaginu er horft til eftirfarandi áætlana:

1.2.1 Landsskipulagsstefna

Svæðið telst til miðhálandis Íslands. Í Landsskipulagsstefnu segir:

Í stefnu um miðhálandissvæða segir:

„Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrgæði hálendisins sem minnst.“

„Tryggja þarf aðgang almennings að miðhálandinu án þess að náttúran skaðist.“ „Við alla mannvirkjahönnun og framkvæmdir á hálendinu verði jafnframt lögð áhersla á að virðing sé borin fyrir náttúrulegu umhverfi og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.“

Í landsskipulagsstefnu er jafnframt gert ráð fyrir að ferðaþjónusta verði efld en um leið verði varðveitt þau gæði sem eru undirstaða hennar. Uppbygging ferðamannaaðstöðu á miðhálandinu stuðli að góðri aðstöðu ferðamanna, en jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar.

Samræmi við Landskipulag

Fyrirhugaðar framkvæmdir samræmast Landsskipulagsstefnu. Það er ekki verið að skerða víðerni eða önnur sérkenni hálendisins á nokkurn hátt, né gert ráð fyrir varanlegum byggingum á svæðinu. Ferðir á jökli hafa ekki áhrif á náttúru að því leyti að ummerki eftir jeppa og vélsleða eru tiltölulega fljót að mást í burtu á síbreytilegu yfirborði jökulsins.

Íshellar hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn en geta verið viðsjárverðir.

1.2.2 Aðalskipulag

Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 – 2027 var staðfest þann 25. maí 2018. Svæðið sem um ræðir er alfarið á jökli og er aðkoma að jöklinum eftir vegi F336 sem tengist vegi nr. 35, Kjalvegi, á Bláfellshálsi.

Í stefnu aðalskipulagsins segir:

„Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu.“

„Öll mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað [...].“

„Fjölga afþreyingarmöguleikum til að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu.“

„Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.“

Í kafla 2.2 um Hálendi segir:

„Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins.“

„Svæðið er afréttarland og verður áfram nýtt til beitar með áherslu á sjálfbæra nýtingu.“

„Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu.“

„Stefnt er að auknu öryggi á hálendissvæðum sveitarfélagsins.“

„Áhersla er lögð á uppbyggingu stofnvega.“

Samræmi við gildandi aðalskipulag

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru taldar falla vel að stefnu sveitarfélagsins er varðar nýtingu hálendisins til útivistar og eykur komu ferðamanna allt árið um kring. Manngerðir íshellar á þessu svæði falla vel að umhverfi og náttúru á jöklinum og hefur ekki neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna þar sem íshellar eru algengir á jöklum. Með manngerðum íshelli er hægt að tryggja öryggi ferðamanna en jafnframt gert það kleift að upplifa undur jökulsins eins og um náttúrulegan íshelli væri að ræða. Í kafla um Hverfisvernd aðalskipulags er gerð grein fyrir HV20 sem er Jarlhettur og nágrenni sem er hverfisverndað vegna einstakra jarðmyndanna og áhersla er á að lágmarka áhrif mannvirkja. Það svæðið liggur nokkuð sunnan við fyrirhugaðan íshelli.

1.2.3 Ferðaþjónusta

Fyrirhugaðar framkvæmdir er taldar falla vel að stefnu sem sett er fram í Áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018-2021. Þar segir:

„Ferðaþjónusta á Suðurlandi er sjálfbær þar sem lögð er áhersla á heildræna þróun í sátt við náttúru og samfélag. Ferðaþjónustan er öflug atvinnugrein og samvinna ríkir á milli mismunandi hagsmunaaðila þar sem hugað er að gæðum, upplýsingagjöf og fræðslu“.

Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu. „Til að ná þessu markmiði þarf meðal annars að miða uppbyggingu svæða bæði að íbúum og ferðamönnum í sátt við umhverfi og samfélag þar sem áætlanir eru gerðar til lengri tíma“. Uppbygging íshella eykur fjölbreytni í ferðaþjónustu og er í sátt við umhverfið og er afturkræf framkvæmd. Með framkvæmdunum er hægt að tryggja ferðir á jökulinn með áhugaverðum áfangastað allt árið um kring.

1.2.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Unnið verður að deiliskipulagi samhliða aðalskipulagsbreytingu.

1.3 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í þéttbýli í Bláskógabyggð en ólokið í dreifbýlinu. Engar þekktar fornminjar eru á umræddu svæði.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

1.4 Náttúruvá og hreyfing jökuls

Bláskógabyggð er á Suðurlandsskjálftabeltinu og þar er mikil jarðskjálftahætta. Þá hefur skapast flóðahætta í eða við farvegi þegar jöklar hlaupa fram. Hagafellsjökull eystri í Langjökli hljóp fram árið 1999 og þar áður árið 1980. Við þetta hækkaði vatnsborð Hagavatns svo að vatnavextir urðu í Farinu sem rennur úr Hagavatni. Við framhlaup gengur jökullinn fram um mörg hundruð metra, þverspringur sumarstaðar og brotnar allur upp annars staðar. Kæmi til framhlaups sem næði til umrædds svæðis eru líkur á að hellirinn eyðileggist með öllu og því mikilvægt að leggja mikla vinnu á ári hverju í viðhald.

2 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerðar eru breytingar á uppdrætti fyrir byggðina og greinargerð.

Breytingar á uppdrætti

Bætt er inn afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF33) innan svæðis sem er í dag merkt óbyggt svæði.

Breytingar á greinargerð:

Í kafla 2.4.4 um afþreyingar og ferðamannasvæði er bætt inn dálk merk AF33 og eftirfarandi texta:

Tafla 1. Skipulagsskilmálar afþreyingar- og ferðamannasvæðis.

AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
AF33	Íshellir Suðurjökli	Manngerður íshellir. Viðkomustaður fyrir ferðamenn. Gert er ráð fyrir allt að 800 m ³ íshelli. Aðkoma að svæðinu verður á snjó og/eða jökli. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Afréttur /þjóðlenda

3 UMHVERFISSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Markmið laganna er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismið byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

3.1 Umhverfisáhrif annarra framkvæma sem tengjast svæðinu

Í umhverfisskýrslu gildandi aðalskipulags (kafla 4.2.5) voru metin áhrif af uppbyggingu ferðaþjónustu á afréttinum skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Niðurstaða þess mats er að uppbygging skálasvæðis við Geldingafell, í nágrenni Kjalvegjar, bætir þjónustu við ferðamenn sem fara um Kjalveg og eins þá sem leggja leið sína á Langjökul. Nýr viðkomustaður skapar atvinnumöguleika og með færslu Skálpanesvegjar og Kjalvegjar á snjóléttara svæði þá er möguleiki að lengja ferðamannatímann því vegurinn opnast fyrr á vorin. Þá eru líkur á að með betri vegi dragi úr utanvegaakstri. Með viðveru starfsfólks á svæðinu má gera ráð fyrir betra öryggi ferðamanna. Við Geldingafell er nú þegar umfangsmikil starfsemi. Skálasvæði við Geldingafell er vel staðsett m.t.t. þess að þjónusta þá ferðamenn sem fara um Kjalveg, auk þeirra sem leggja leið sína á Langjökul.

3.2 Tilkynninga- eða matskyldar framkvæmdir

Þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á svæðinu kunna að falla undir B flokk í 1. Viðauka laga um mat umhverfisáhrifum nr. 106/2000 n.t.t. tölulið 12.01; „Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar og tengdar framkvæmdir á skíðasvæðum á verndarsvæðum og jöklum”.

Þó ber að geta að engin varanleg mannvirki verða á svæðinu, þannig að óljóst er, hvort þetta ákvæði eigi við.

3.3 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætla segir; „*Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrir séðar á umhverfinu.*“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

MYND 1. Vægi áhrifa.

Skilgreining	Skýring
Jákvæð áhrif +	Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og geta verið staðbundin en er yfirleitt á svæðis-, lands-, eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin eða óveruleg áhrif 0	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru engin eða minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Neikvæð áhrif -	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekins umhverfispáttar/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu riski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða á lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarkana stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óviss áhrif ?	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfispætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknnum eða markvissri vöktun. Þá geta áhrif verið háð útfærslu framkvæmdar.

3.4 Umhverfispættir matsspurningar og viðmið

Umhverfispáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Í matslýsingu voru tilteknið þeir umhverfispættir sem líklegt væri að yrðu valdir til umfjöllunar í umhverfisskýrslu.

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðan greindra umhverfispátta og leitast við að svara matsspurningum:

TAFLA 2. Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISPÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur breytingin áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.

Ásýnd og landslag	Hefur breytingin áhrif á ásýnd og landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 69. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Hefur breytingin áhrif á atvinnulíf? Hefur breytingin áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins?	Stefna í aðalskipulagi um afþreyingar og ferðamannastaði. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar og verndarsvæði	Hefur breytingin áhrif á náttúruminjar? Hefur breytingin áhrif á verndarsvæði?	Stefna í aðalskipulagi um verndarsvæði. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Náttúruminjasrá. Lög nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð um neysluvatns nr. 536/2001
Heilsa og öryggi	Hefur breytingin áhrif á hljóðvist og/eða loftgæði? Er hætt á mengun af völdum breytingarinnar?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.

3.4.1 Valkostir og samanburður

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

Núllkostur. Landnotkun breytist ekki.

Valkostur I. Bætt er inn afþreyingar- og ferðamannasvæði neðarlega í Suðurjökull þar verður gerður íshellir inn í Langjökul.

Grunnástand

Engin umferð er um svæðið í dag, hvorki á vélum né gangandi. Engin vegur liggur að svæðinu.

3.4.2 Valkostur 1 – Núllkostur

Svæðið verður óbreytt. Óbyggt svæði/jöklar er ríkjandi landnotkun á afrétti Bláskógabyggðar. Viðhaldið verður lítt snortnu yfirbragði hálendisins og sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu.

3.4.3 Valkostur 2 – Nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði

Náttúrulegur íshellir í Langjökli hefur verið nýttur sem viðkomustaður með gesti í vélsleðaferðum undanfarin tvö ár en sá hellir er ekki lengur til staðar. Talið er að manngerður íshellir komi til með að vera afturkræf framkvæmd og því eru umhverfisáhrif talin óveruleg. Helstu áhrif eru talin verða vegna mögulegrar fjölgunar ferðamanna. Með því að staðsetja íshellinn neðan jafnvægislínu í jöklinum þá muni náttúran sjá til þess að fjarlægja hellin á ca. þremur árum og því líklegt að hellirinn hverfi á skömmum tíma vegna bráðnunar verði honum ekki viðhaldið. Með því að staðsetja hellinn undir jafnvægislínu má einnig nálgast þéttan og glæran ís og sjá öskulög eldgosa undanfarinna alda.

Áhrif loftgæða er metin óveruleg/neikvæð. Svæðið hefur verið nýtt sem viðkomustaður með gesti í vélsleðaferðum undanfarin tvö ár. Hins vegar gætu ferðir á vélsleða um þetta svæði aukist að einhverju leyti og þar með mun útblástur aukast.

Breytingin er ekki talin skerða óbyggð víðerni og er hún því ekki talin hafa áhrif á ásýnd svæðis og landslags þess. Ekki er gert ráð fyrir neinum byggingum á svæðinu en salernisaðstaða fyrir ferðamenn er í 3 km fjarlægð í Skálpanesi og eins í Geldingafelli sem er í 10 km fjarlægð. Þá verður enginn búnaður á staðnum sem getur valdið umhverfisspjöllum. Aðkoma að svæðinu er hugsuð á snjó að vetri til um Skálpanesið en frá jöklinum yfir sumartímann. Ferðir á jökli hafa ekki áhrif á náttúru að því leyti að ummerki eftir jeppa og vélsleða eru tiltölulega fljót að mást í burtu á síbreytilegu yfirborði jökulsins.

Gróður og dýralíf. Lítið sem ekkert er af fugla eða spendýralífi innan svæðis og engin gróður og eru áhrifin því metin óveruleg eða engin.

Áhrif á verndarsvæði eru metin óveruleg eða engin þar sem svæði er utan vatnsverndarsvæðis við Þingvallavatn og utan hverfisverndar.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Talið er að uppbygging íshella auki fjölbreytni í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og hafi jákvæð áhrif á atvinnulíf. Uppbygging íshellis er einnig talin geta haft jákvæð áhrif til þess að fræða ferðamenn um áhrif loftslagsbreytinga og hlýnun jarðar og vakið tugþúsundir til umhugsunar á ári hverju, á náttúruvernd og betra loftslagi. Á þessum stað sést vel hvað bráðun jöklanna er mikil.

Neikvæð áhrif á vötn. Með hlýnun jarðar eykst bráðunun jökla. Bráðun á þessu svæði var í ár um 20 metrar en bráðunin er misjöfn og fer eftir lofthita og úrkomuhita á ári hverju. Vatn sem fellur frá svæðinu rennur í jökuljaðrinum og fellur í Hvítárvatn og þaðan til sjávar. Allt vatn sem fellur frá svæðinu fer ekki á vatnsverndarsvæði innan Þingvallarvatns en vitað er að bráðun af Bungu 1 við Geitlandsjökul fellur beint í vatnið.

Áhrif á heilsu og öryggi eru metin neikvæð. Suðurland er þekkt jarðskjálftasvæði. Þó er ekki talin vera hættu á hruni í göngunum sé þeim vel viðhaldið. Þeir sem fara um landið inn í fyrirhugaðan íshelli frá Geldingafelli þurfa ekki að fara upp fyrir 600 metra hæðarlínuna. Unnið verður að viðhaldi ganganna til að koma í veg fyrir hrún. Komi upp þær aðstæður að fjarlægja þurfi búnað úr hellinum sökum náttúruvár eða annarra ástæðna er talið að tveir menn geti gert það á einum degi. Í venjulegu árferði sækja 55.000 manns Suðurjökul á ári hverju.

3.4.4 Niðurstaða

Sveitarstjórn er hlynnt breytingunni enda er hún að fullu afturkræf því íshellirinn hverfur þegar/ef jökullinn bráðnar. Íshellirinn og það aðdráttarafl sem vænta má að hann hafi, skapar fjölbreyttari afþreyingarmöguleika, ný atvinnutækifæri og fjölgar ferðamönnum í sveitarfélaginu. Atvinnutækifæri styrkja byggðina og tekjustofna sveitarfélagsins. Þar sem ekki er um eiginlega mannvirkjagerð að ræða þá eru umhverfisáhrif talin vera lítil og helst vegna umferðar og ferðamanna.

4 MÁLSMEÐFERÐ

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010

4.1 Skipulags og matslýsing

Umsögn um skipulagslýsingu barst frá Skipulagsstofnun.

4.2 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Umsagnaraðilar við breytinguna eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Forsætisráðuneytið
- Veðurstofa Íslands

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

4.3 Skipulagsferli


Breytingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitarfélagsins <http://www.utu.is/>. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu skipulagsfulltrúa á netfangið vigfus@utu.is, fyrir auglýstan tímafrest.

Gert er ráð fyrir að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst í byrjun árs 2021 og staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda snemma vors.


5 UPPDRÁTTUR

Bláskógabyggð - Aðalskipulag 2015-2027

Íshellir í suðurhlíð Langjökuls



GILDANDI AÐALSKIPULAG 1:100.000



BREYTT AÐALSKIPULAG 1:100.000

SKÝRINGAR

ATVINNA

- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Verslun- og þjónusta
- Landbúnaðarsvæði
- Landgræðslusvæði
- Óbyggð svæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði

SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Stofnvegir á hálendi
- Tengivegir
- Landsvegir
- Slóðar
- Gönguleiðir
- Reiðleiðir
- Háspennulína 132-220 kV

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

- Friðlýst svæði
- Svæði á náttúru-minjaskrá
- Hverfisvernd
- Hverfisvernd lindasvæða
- Vatnsból
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vernd vatnasviðs Þingvallavatns

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

- Friðlýstar fornminjar, ónákvæm staðsetn.
- Fornminjar undir hverfisvernd, ónákvæm staðsetn.
- Önnur náttúruvernd
- Varúðarsvæði

TÁKN TIL SKÝRINGAR

- Sveitarfélagamörk
- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Jöklar
- Mörk milli byggðar og hálendis
- Mörk skipulagsbreytingar



Bláskógabyggð - Aðalskipulag 2015-2027
Íshellir í suðurhlíð Langjökuls
Sveitarfélagsuppráttur - hálendi

VERK:	BLAÐSTÆRD:	UNNID:	RÝNT:
3502-014	AB	AB	BS

MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:
1:100.000	17.11.2020	---

SAMÞYKKT:

TILLAGA